

## Atvinnu- og umhverfisfundur 1.nóvember 2021 kl.16:15 í Fjölheimum

Mættir: Ingunn Jónsdóttir, Hrafnhildur Baldursdóttir, Walter Fannar Kristjánsson og Axel Páll

Fjarverandi: Almar Sigurðsson

### 1. Drög að reglugerð um sjálfbæra landnýtingu

- Nefndarmenn lásu drög að reglugerð, að beiðni sveitastjórnar, til þess að meta hvort þar væri eitthvað sem hefði áhrif á atvinnulíf í Flóahreppi.
  - i. Nefndin metur það svo að þessi drög þarfnist verulegar endurskoðunar enda hefði þessi reglugerð hamlandi áhrif á atvinnulíf í Flóahreppi. Nefndin leggur til að fá að borðinu m.a. landeigendur, sveitarfélög og aðra hagsmunaaðila til þess að rýna þessa reglugerð svo hún skili tilætluðum árangri. Nefndin fer fram á það við sveitastjórn að hún sendi inn umsögn um þessi drög þar sem farið er fram á ofangreint.

### 2. Verkefni nefndarinnar veturinn 21-22

- *Kynning á Zero Waste verkefni Hveragerðis sem gengur út að finna lausnir til þess að minka úrgangsmyndun sveitarfélaga og spara kostnað*
  - i. Finna tíma fyrir nefnd og sveitastjóra til að hitta Elísabetu Björneyju
    1. Fundur með Elísabetu verður á teams 8.nóvember kl.11-12. Ingunn sendir fundarboð á nefndarmenn og sveitastjóra
- *Merkingar á gönguleiðum í Flóahreppi – framhald*  
Frá Sveitastjórn - Uppfærsla á ferðapjónustukorti.
  1. Sveitarstjórn Flóahrepps tekur undir hugmyndir nefndarinnar um uppfærslu á ferðapjónustukorti fyrir Flóahrepp og felur atvinnu- og umhverfisnefnd að vinna málið áfram. Ekki er hægt að sækja um framlag til framkvæmdasjóðs ferðamannastaða eða í Uppbyggingarsjóð fyrr en umfang verks og tímalína liggja fyrir. Skriflegt samþykki allra viðkomandi landeigenda varðandi göngu/reið/hjólaleiðir þarf einnig að fylgja með umsóknum í þessa sjóði
    - a. Nefndin telur sér ekki fært að vinna þetta mál áfram enda sé það mjög tíma- og kostnaðarfrekt að fá nefndina til þess að halda utan um það. Betur færi ef fenginn væri til þess sérstakur aðili, hvort sem það væri aðkeypt þjónusta eða starfsmaður sveitarfélagsins.

### 3. Rúlluplastverkefni með Pure North

- Nefndin er enn með þetta verkefni í skoðun og bíður eftir fundi með Pure North. Eitthvað hefur frést að ÍGF sé í viðræðum við Pure North og vill nefndin fá upplýsingar um stöðu mála – er ÍGF farið að keyra rúlluplast til PN?
  - i. Samkvæmt sveitastjóra er þetta mál í farvegi hjá ÍGF – nefndin væri til í að fá nánari upplýsingar um stöðuna.

### 4. Losun grænu tunnanna

- Nefndin fékk ábendingu um að skoða mætti að fjölga losunarferðum á grænu tunnunum og/eða fjölga tunnnum á bæjunum. Þetta væri gert til þess að sporna við því að íbúar freistist til þess að henda grænum úrgangi í almennt sorp. Nefndin leggur til að sveitastjórn kostnaðarmeti hvor kosturinn sé hagkvæmari fyrir sveitarfélagið.

Næsti fundur verður 8.nóvember kl.11 á teams með Elísabetu Björneyju og svo aftur

Í staðfundi 29.nóvember kl.16:15

Fundi slitið kl.18:00